



# Umræðuskjal

Nr. 3/2021

Drög að reglum um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til Fjármálaeftirlitsins.

5. mars 2021



### **Almennar leiðbeiningar**

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 12. mars nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, [www.fme.is](http://www.fme.is).

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@sedlabanki.is](mailto:fme@sedlabanki.is).



## REGLUR

### um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil váttryggingafélaga og váttryggingasamstæðna

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Þá gilda reglur þessar um váttryggingasamstæður, sbr. 1. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður.

#### 2. gr.

##### *Sniðmát fyrir gagnaskil til Fjármálaeftirlitsins.*

Reglur þessar eru settar til að innleiða framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) þar sem fram koma tæknilegir framkvæmdarstaðlar að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil váttryggingafélaga, eignarhaldsfélaga á váttryggingasviði og blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi til Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 31. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og 31. og 32. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi:

- a) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2450 frá 2. desember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6, frá 30. janúar 2020, bls. 41. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 85/2020 frá 10. desember 2020, bls. 1-1223 og 1297-1300;



<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements//su-nr-85-is-10-12-2020.pdf>

- b) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1868 frá 20. október 2016 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6, frá 30. janúar 2020, bls. 41. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29 frá 3. maí 2018, bls. 33-67;

<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2018-is/su-nr-29-is-03-05-2018.pdf>

- c) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2189 frá 24. nóvember 2017 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir framlagningu upplýsinga til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2019 frá 14. júní 2019 (óbirt). Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 85 frá 10. desember 2020, bls. 1224-1250;

<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements//su-nr-85-is-10-12-2020.pdf>

- d) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1844 frá 23. nóvember 2018 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2019 frá 14. júní 2019 (óbirt). Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 85 frá 10. desember 2020, bls. 1251-1296.

<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements//su-nr-85-is-10-12-2020.pdf>



## FJÁRMÁLAEFTIRLIT

4. gr.

### *Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 13. mgr. 31. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, með síðari breytingum, og 7. mgr. 31. gr. og 6. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður, með síðari breytingum. Reglurnar öðlast gildi þegar í stað.